

Gleðilega Þjóðhátíð í Hafnarfirði 2013

ÁVARP FJALLKONUNNAR HAFNARFIRÐI, 17. JÚNÍ 2013

Að elska þessi fjöll og fögru dali, fossa sem steypa sér í hyldjúp gljúfur, glitrandi læk með gjálfrí sínu og hjali við gróðurlausar eyrar, snjáðar þúfur og drang sem gnæfir yfir eyðisandi er enginn vandi.

Að elska lítinn fugl í frjóum garði með furutrjám á grónum lækjarbakka, tófu sem leitir leynis undir bardi í lyngi og mosa vöxnum hliðarslakka og hrafn sem í kletti hreiðrar um sig keikur er hægðarleikur.

Að elska jafnvel vetrarmyrkríð magnað, miskunnarlausa hriðarbylinn grimma, gnaðandi norðanfjúk sem fær ei þagnað frostkaldra vetrarmánuðina dimma á meðan landið lemur brimið ferlegt er líka gerlegt.

En þegar kemur að þjóðinni á Fróni sem þraukar enn við heimsins nyrsta jaðar og bifast vart þótt verði margt að tjóni og vera lystir hvergi annars staðar en hér við úthafs vonskuveðra bálið, þá vandast málið.


Því hvernig er hægt að elska svona sauði sem sífra og væla af ímynduðum skorti þar sem engan heimtar hungurdaði og hróðug smábörn veifa greiðslukorti? Samt kvörtum við og kveinum veturlangt og kjósum rangt.

Það eina sem er að á þessu landi er annað fólk og hvernig það sér hagar. Staðreyndin er að þú ert þjóðarvandi og það er ég sem ykkur hina plagar. Svo þú ert ég, sem jata hér og nú að ég er þú.

Samt sitjum við hér uppi hvert með annað og okkur sjálf á pislargöngu langri. Við gætum nýjar leiðir kannski kannað og kastað fyrir róða gremju og angrí. Í staðinn reynt að þræða þroskaveg, þú og ég.

Jafnt undir norðurljósa bjarmabandi sem bjarta sumardaga tæra og hreina þetta land að elska er enginn vandi, allir geta það sem bara reyna. Þrautin er að læra að landið mitt er landið þitt.

– Davíð Þór Jónsson



Þjóðhátíðarnefnd
Helga Vala Gunnarsdóttir
Klara Hallgrímsdóttir
Ragnheiður Ólafsdóttir


Framkvæmdarnefnd
Axel Guðmundsson
Geir Bjarnason
Davíð Jónsson
Linda Hildur Leifsdóttir
Þórunn Þórarinsdóttir

Umsjón kynningarefnis
Steinunn Þorsteinsdóttir

Hönnun og myndskreyting
FABRIKAN auglýsingastofa Valgerður G. Halldórsdóttir

Prentun
Svansprent

17. JÚNÍ Yfirlitskort hátíðarsvæðis



VIÐBURÐASTAÐIR

- A** Thorsplan
- B** Byggðasafn
- C** Helligerði
- D** Bílastæði bak við Ráðhúsið
- E** Hafnarborg
- F** Hansatorg
- G** Ráðhústorg
- H** Austurgata
- I** Gúttó

RATLEIKSSTÖÐVAR

- 1** Byggðasafnið
- 2** Beggubúð
- 3** Helligerði
- 4** Austurgata
- 5** Hafnarborg

SAMGÖNGUR

Bílastæði fatlaðra við Hafnarfjarðarkirkju

Svæði lokað fyrir bílaumferð á meðan hátíðarhöldum stendur

Bæjarbúar eru hvattir til að leggja bílum löglega nálægt miðbænum og ganga eða taka strætó á viðburðastaði. Bendum á fjölmörg bílastæði við Lækjarskóla, Iðnskólann, Flensborg, Íþróttahúsið Strandgötu og Víðistaðaskóla.

SKILJUM HUNDANA EFTIR HEIMA
Að gefnu tilefni er bent á að hundum líður betur heima en í mannergð og fólksfjölda. **VINSAMLEGAST ATHUGIÐ AÐ HUNDAR ERU EKKI LEYFDIR Á VIÐBURÐASTÖÐUM.**

17. JÚNÍ RATLEIKURINN 2013

SKEMMTILEGUR RATLEIKUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA.

PRAUTIR OG SPURNINGAR

1. Finnið bíosal í Byggðasafninu. Við hvaða götu var fyrsta kvikmyndahúsið í Hafnarfirði og hvert var húsnúmer hússins?
2. Í útstillingarglugganum í Beggubúð sjáið þið ýmsar vörur. Af hvaða gerð er útvarpstækið?
3. Í Helligerði er minnisvarði um Hafnfirðing. Hvað heitir hann?
4. Hvaða ár var Austurgata 29 byggð?
5. Á vegg Hafnarborgar er skuggamynd. Á hverju heldur gamli maðurinn í miðjunni?

Nafn:

Heimilisfang:

Sími:

Netfang:

Umferðarlokanir

Miðbærinn verður lokaður fyrir bílaumferð á meðan hátíðarhöldum stendur:

Reykjavíkurvegur: við Arnarhraun
Vesturgata: við Merkurgötu
Fjarðargata, Strandgata og Austurgata: við Lækjargötu / hringtorg
Hverfisgata/Linnetstigur: við Hverfisgötu 23
Mjósund: við Austurgötu



HAFNARFJÖRÐUR strætó.is

Hafnarfjarðarbær býður bæjarbúum frítt í innanbæjarvagna Strætó, sem keyra í miðbæinn, á milli kl. 13 og 19, 17. júní.

Leggðu bílnum - Nýttu þér strætó!

